

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hafa handhafar valds forseta Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS samkvæmt 8 gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar, *gjöra kunnugt:*

Að vér, að tilskildu samþykki Alþingis, veitum forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 140. löggjafarþings, frá 16. desember 2011 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 16. janúar 2012.

Gjört í Reykjavík, 14. desember 2011.

Jóhanna Sigurðardóttir. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. Ingibjörg Benediktsdóttir.
(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi samþykkti hinn 17. desember 2011 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 140. löggjafarþings, frestað hinn 17. desember 2011.

Forsætisráðuneytinu, 19. desember 2011.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.